

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Hildu Jönu Gísladóttur um skipan í stjórnir, starfshópa, nefndir, ráð o.þ.h.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvernig skiptist búseta þeirra sem skipuð hafa verið í stjórnir, starfshópa, nefndir, ráð o.þ.h. á vegum ráðuneytisins og stofnana þess eftir sveitarfélögum?*

Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig búseta þeirra sem skipuð hafa verið í stjórnir, starfshópa, nefndir og ráð á vegum heilbrigðisráðuneytisins skiptist. Heildarfjöldi skipaðra aðila er 306 og búseta þeirra skiptist á 24 sveitarfélög. Svarið miðast við þær stjórnir, starfshópa, nefndir og ráð sem eru starfandi á þeim tíma sem fyrirspurnin er sett fram. Svarið byggist einungis á gögnum um skipanir á vegum heilbrigðisráðuneytisins, þar sem ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um nefndir, stjórnir og ráð á vegum undirstofnana þess.

Sveitarfélag	Fjöldi
Akranes	2
Akureyri	17
Blönduós	1
Borgarbyggð	2
Dalabyggð	3
Fjarðabyggð	1
Garðabær	23
Grindavík	2
Hafnarfjörður	15
Ísafjarðarbær	3
Kópavogur	41
Mosfellsbær	7
Múlaþing	4
Rangárþing eystra	1
Rangárþing ytra	1
Reykjanesbær	3
Reykjavík	155
Seltjarnarnesbær	13
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1
Suðurnesjabær	1
Sveitarfélagið Árborg	6
Sveitarfélagið Ölfus	1
Sveitarfélagið Skagafjörður	2
Svíþjóð	1
Alls 24	306